

Fundargerð

Efni fundarins: Símafundur stýrihóps

Dags. fundar: 15-3-2018	Staðsetning: Símafundur	Fundur settur: 15:30
Fundarboðari: SV	Fundarritari: SV	Fundi slitið: 16:20

Fundarboðun send á / mætt og forfölluð:

Mættir:	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis / stofnunar
x	Anna Berg Samúelsdóttir	Fjarðabyggð
x	Árni Óðinsson	Landsvirkjun
x	Freyr Ævarsson	Fljótsdalshérað
x	Geir Sigurpáll Hlöðversson	Alcoa Fjarðaál
x	Guðrún Á. Jónsdóttir	Austurbrú
x	Hjalti Jóhannesson	Háskólinn á Akureyri
x	Lilja Dögg Björgvinsdóttir	Austurbrú
x	Sigrún Víglundsóttir	Austurbrú

Efni / dagskrá:

1. Lógó verkefnisins

- 1.1. Ný hugmynd að merki verkefnisins rædd.
- 1.2. Starfsmönnum falið að skoða áfallinn kostnað við verkefnið og koma með tillögur að næstu skrefum.

2. Samtal við sveitarfélög

- 2.1. Fulltrúar stýrihóps og starfsmanna sögðu frá fundum með sviðstjórum Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs.
- 2.2. Hópurinn á Fljótsdalshéraði var búinn að hittast aftur og ræða hugmyndir að vísum og mælikvörðum. Þau ætla að hittast áfram og mögulega hafa samband við Fjarðabyggð.
- 2.3. Fulltrúar Fjarðabyggðar sáu ekki í fljótu bragði að þau gætu nýtt verkefnið, í umræðum komu fram hugmyndir að áhugaverðum vísum og mælikvörðum.
- 2.4. Freyr og Anna halda samtalinu vakandi innan sinna sveitarfélaga. Þetta er mikilvægt því sveitarfélögin eru stóri hagsmunaaðilinn.
- 2.5. Í umræðum var nefnt að það þyrfti að vera hægt að krosskeyra niðurstöður t.d. heilsufar eftir aldurshópum.
- 2.6. Austurbrú hefur tekið saman yfirlit yfir ýmis gögn sem vantar og talið er að sveitarfélögin vanti.
- 2.7. Mikilvægt er að verkefnið geti þróast, og komið með eitthvað nýtt.



3. Ársfundur Sjálfbærni-verkefnisins

- 3.1. Hugmyndin var að afrakstur samtals við sveitarfélög yrði aðalefni ársfundar. Reynt verður að fá framsögu bæði frá Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði.
- 3.2. Vífill Karlsson hagfræðingur verður gestafyrirlesari á fundinum.
- 3.3. Rætt að til að hópastarf nýtist sé mikilvægt að því sé stýrt af fólki sem kann til verka. Til dæmis tókst hópastarf mjög vel á ársfundi 2016.

